

Nd.

132. Nefndarálit

[101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Sjaldan hefur dýrtíðarhjólíð snúizt hraðar en á þessu ári, og hefur það þó oft snúizt býsna hratt í tíð núverandi ríkisstjórnar. Hver verðlagshækkunin hefur rekið aðra í sumar og í haust og allt fram undir 1. nóvember, að ríkisstjórnin loksins hafði sig í að tilkynna verðstöðvun.

Ljóst er af öllu, að ríkisstjórnin hefur átt sinn mikla þátt í þeirri óheillaþróun, sem átt hefur sér stað í verðlagsmálunum. Hún hefur beinlínis lagt blessun sína yfir flestar þær verðhækkunir, sem verðlagsnefndin hefur samþykkt, og hún hefur einnig heimilað ýmsum opinberum stofnunum stórfelldar verðhækkunir.

Afleiðingarnar af þessari dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar eru þær, að frá miðju sumri og til 1. nóvember hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 11.8% og á þó eftir að hækka talsvert enn, þegar öll áhrif verðhækkana verða komin fram.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur því verið haldið fram, að þessi háskalega þróun verðlagsmála hafi átt sér stað vegna kaupgjaldssamninga verkalýðsfélaganna, sem gerðir voru um miðjan júní í sumar. Í þeim samningum var samið um 15—18% kauphækkun verkafólki til handa. Sú kauphækkun nægði rétt aðeins til þess að jafna upp þá kauplækkun, sem verkafólk hafði orðið að þola á undanförunum tveimur árum vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar. Kauphækkunin í sumar var því í fyllsta máta sanngjörn og eðlileg, og þar sem fyrir lá, að öll ytri skilyrði í efnahagsmálum þjóðarinnar voru mjög hagstæð, voru fyllstu ástæður til að ætla, að kauphækkunin gæti orðið raunhæf.

Árið 1969 var hagstætt framleiðsluár. Sjávaraflinn jókst um 11%, og útflutningsverð aflans hækkaði um 24%. Árið 1970 hefur þó orðið enn þá hagstæðara ár. Verðlag á útflutningsvörum hefur stórhækkað og framleiðslan aukizt. Áætlað er, að þjóðartekjur muni aukast um 10—11% á árinu. Enginn vafi getur því leikið á því, að hægt hefði verið með skynsamlegri stjórn í efnahagsmálum að tryggja þá kauphækkun til verkafólks, sem um var samið í júní s. l. sumar.

En stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur leitt til annarrar niðurstöðu. Hún hefur leitt til verðhækkunarflóðs; hún hefur leitt til þess verðbólguvandamáls, sem nú er við að glíma og öll þjóðin þekkir. Verðhækkunirnar frá því í sumar og haust, sem samþykktar hafa verið af stjórnarvöldum, segja nú til sín í hækkaði kaupgjaldsvísitölu og hækkaði kaupum í krónutölu.

Ríkisstjórnin var vissulega vörð við því hættulega ástandi, sem væri að skapast í dýrtíðarmálum. Strax í þingbyrjun fluttum við Alþýðubandalagsmenn frumvarp um verðstöðvun og lögðum jafnframt til, að leitað yrði eftir samstöðu um raunhæfar ráðstafanir til að draga úr dýrtíð og til að hamla gegn hækkandi verðlagi á komandi mánuðum. Við bentum m. a. á eftirfarandi ráðstafanir sem líklegar í þessu skyni:

1. Að sett yrðu lög um eignakönnun til þess að fá réttan grundvöll til að skattleggja verðbólgugróða.
2. Að hert yrði á reglum til að koma í veg fyrir skattsvik og lækka þannig verðlag.
3. Að fella niður eða lækka verulega söluskatt og tolla á nauðsynjavörum.
4. Að gera verðlagseftirlitið haldbetra og virkara en það er nú.
5. Að afnema nefskatta, en afla fjár í þeirra stað með hækkun skatta á stóreignum og gróða.
6. Að láta fram fara rækilega athugun á núgildandi verðlagi og verðlagningareglum og lækka verð, þar sem þess er kostnað.

Ríkisstjórnin sinni í engu aðvörunum okkar og lét frumvarp okkar liggja óafgreitt í nefnd.

Loksins þegar allt var komið í ófni, tilkynti ríkisstjórnin, að hún mundi ákveða verðstöðvun og leggja fram sérstakar tillögur um efnahagsvandamálin. En þannig stóð stjórnin að framkvæmd verðstöðvunarinnar, að hinn 13. október tilkynti forsætisráðherra alþjóð í sjónvarpi, að til stæði að fyrirskipa verðstöðvun, en sú verðstöðvun kom ekki fyrr en 1. nóvember, eða 18 dögum eftir að forsætisráðherrann hafði aðvarað um hana í sjónvarpi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tillögur ríkisstjórnarinnar um það, hvornig snúast skuli við þeim verðbólguvandamálum, sem nú er upp kominn vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir verðstöðvun frá 1. nóvember, og jafnframt eru gerðar tillögur um að „eyða“ með sérstökum hætti þeim vísitölustigum úr kaupgjaldsvísitölu, sem fram áttu að koma 1. desember n. k. og síðar samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Að réttu lagi átti kaupgjaldsvísitalan að hækka um 6.2 stig 1. desember n. k. og síðan um 1.3 stig í viðbót 1. marz 1971. Samkvæmt frumvarpinu á að „eyða“ þessum stigum þannig:

Í fyrsta lagi á að strika 2 vísitölustig út á gildistíma laganna og skerða sem því nemur umsamin launakjör alls launafólks.

Í öðru lagi á að hækka fjölskyldubætur allverulega, og nemur það um 1.55 stigum.

Í þriðja lagi eiga svo að koma til niðurgreiðslur á ýmsum vörum, aðallega landbúnaðarvörum.

Hækkun fjölskyldubóta og niðurgreiðslur á vöruverði gætu út af fyrir sig verið réttlætanagerðir, ef eðlilega væri að þeim staðið. En svo er ekki samkvæmt frumvarpinu.

Fjár til þessara aðgerða er aflað á tvennan hátt:

Í fyrsta lagi er lagður á nýr launaskattur, sem nemur 1½% af öllum greiddum launum. Talið er, að sá skattur gefi á ársgrundvelli um 327 milljónir króna. Skattur þessi á að greiðast af nákvæmlega sömu aðilum og hefðu orðið að greiða hækkað kaup samkvæmt vísitöluuppbót. Það sýnist því næsta einkennilegt að leggja 1½% skatt á öll útborguð laun til þess að spara sömu aðilum að greiða vísitöluuppbætur samkvæmt gerðum kjarasamningum.

Þessi einkennilegi háttur er hafður á, þ. e. s. að láta vinnuveitendur greiða upphæðina til ríkisins í formi skatts, en ekki til launafólks sem kaup, vegna þess, að

með því að ríkið fái upphæðina, getur það notað hana til niðurgreiðslu á vöruverði og til hækkunar á fjölskyldubótum og lækkað þannig vísitöluna um rúmlega 2.0 stig, eða með öðrum orðum, ríkisstjórnin hefur á þennan hátt falsað vísitöluna um rúmlega $\frac{1}{2}$ stig.

Í öðru lagi á svo að afla fjár í þessar ráðstafanir með hækkun á áfengi og tóbaki, og nemur sú hækkun 190 milljónum króna á ári. Samkvæmt vísitölugrundvellingnum hefði kaupgjaldsvísitalan átt að hækka um 0.6 stig vegna þessara verðhækkana, en í frv. er lagt til, að þessi hækkun verði ekki látin hafa áhrif á vísitöluna.

Þá er einnig lagt til í frv., að 30% hækkun á iðgjöldum til almannatrygginganna, sem koma á frá næstu áramótum og hefði að réttu lagi átt að hækka vísitöluna um 0.4 stig, verði ekki talin með, eða látin falla niður úr vísitölunni.

Á þennan hátt er í frv. lagt til að fella niður 1 vísitölustig á þann einfalda hátt að taka ekki tillit til verðhækkana, sem samkvæmt vísitölugrundvellingnum átti að reikna með.

Frumvarpið felur því í sér beina kjaraskerðingu fyrir launafólk, sem nemur 3 vísitölustigum eða um 3%, en það mun nema um 700 millj. kr. á ári. Það er algjör blekking að segja, að í staðinn fyrir þessa kjaraskerðingu fái launafólk hækkun fjölskyldubóta og lækkað verð á lífsnauðsynjum. Hækkun fjölskyldubóta og niðurgreiðslurnar á vöruverð koma í stað annarra rúmlega 4 stiga, sem felld eru niður úr vísitölunni jafnframt og lækka umsamið kaup sem þeim ráðstöfunum nemur. Launafólk er því sjálft látið borga hækkun fjölskyldubótanna og lækkun vöruverðsins, en auk þess eru bótalaust af því tekin 3% af umsömdu kaupum.

Með frumvarpinu er þeim vísitölugrundvelli, sem verkalýðshreyfingin samdi um við ríkisstjórnina, raskað í verulegum atriðum. Ríkisstjórnin svikur því það samkomulag með þessum ráðstöfunum. Með frumvarpinu er einnig ráðgert að breyta í grundvallaratriðum kaupgjaldssamningum verkalýðsfélaganna frá 19. júní í sumar, þar sem fella á niður tvö vísitölustig og lækka þar með umsamið kaup sem því nemur.

Hætt er við, að frumvarpið leysi minni vanda en það skapar. Launþegasamtökin í landinu munu öll rísa upp gegn kjaraskerðingarákvæðum frumvarpsins. Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur þegar mótmælt frumvarpinu harðlega. Stjórn Dagsbrúnar hefur einnig gert það og sömuleiðis stjórnir margra annarra félaga. Fyrir dyrum standa nýir kaupgjaldssamningar við sjómenn, sem þegar hafa stórlega dregið aftur úr öðrum með launakjör. Allt bendir því til, að á næstu mánuðum geti orðið hér hið alvarlegasta ástand á vinnumarkaði.

Ástæðan fyrir tíðum árekstrum á vinnumarkaði er stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sú stefna, sem leitt hefur til óðaverðbólgu ár eftir ár.

Við Alþýðubandalagsmenn erum á móti þessu frv. ríkisstjórnarinnar. Við teljum, að verðstöðvun eigi að ákveða og að reyndar hefði hún þurft að koma miklu fyrr. Við gerum okkur ljóst, að verðstöðvun ein læknar ekki verðbólguþeimsemdina. En verðstöðvunartímann er hægt að nota til skynsamlegra ráðstafana til að lækka verðlag og til að reisa skorður við síhækkandi verðlagi.

Á sérstöku þskj. flyt ég tvær breytingartillögur við frv. um, að 4. og 5. gr. þess falli niður, en í þeim eru þau ákvæði, sem mest ganga á rétt launafólks.

Alþingi, 12. nóv. 1970.

Lúðvík Jósefsson.